

Ljósið og myrkrið.

Prófessor Ágúst Bjarnason hefir í Morgunblaðinu 27. október, svarað grein minni frá 20. október, með þeirri stillingu sem vísindamanni sámir. En auðsjeð er, að hann misskilur mig meir en lítið. Hann kveðst taka nærri sjer að verða að svifta mig því, sem hann auðsjáanlega hyggur mig telja að-alstoðina, undir kenningu minni um lífgeislan. Óþarfa vorkunnsemi er það. Býsna ólíklegt virðist að til raunir þær, sem dr. Alrutz hafði gert árum saman, ónýttist, þó að fáeinar tilraunir, sem gerðar eru á sálufræðingamótinu í Grönungen 1926 — af mönnum, sem þöktu ekki stillilög málið (law of determinants) — hafi ekki gefið sama árangur. Vissa mín um lífgeislan, haggast ekki vitund við slíkt. — Nefna má ýmislegt sem á miðilfundum gerist, er ótvíræðlega sýnir lífgeislan. En jafnvel þó að þeir hefðu nú rjett fyrir sjer, sem ófróðir eru um þessi efni, og halda því fram, að líkamning (materialisation) og slíkt eigi sjer í raun rjettri ekki stað (þó að líkamningin heyri undir náttúrufræðina engu síður en fósturmyndunin, og sje henni náskyld), þá væri vissa mín um lífgeislan samt óbifanleg. Því að hún byggist fyrst og fremst á eigin rannsóknnum á hinu vanalega mannseðli. — Þar ræðir um þekkingu, sem fengin er eftir

langa leit og er langreynd. Meir en 32 ár eru liðin síðan jeg fór að virða fyrir mjer eðli svefnisins. Jeg hefi aldrei reynt til að telja neinum trú um, að jeg hafi verið fljótur að átta mig á þessu efni. Það var öðru nær. Jeg var lengi að fálma og þreifa fyrir mjer. En loksins fann jeg hina rjettu rannsóknarleið. Og það er ekki vafi á því, að jeg veit nú meira um eðli svefnisins, en vitað hefir verið áður. Jeg veit með fullkominni vissu, að þar er um nokkurskonar magnan eða hleðslu að ræða. — Lífsorka streymir í hinn sofandi líkama. — Íslensk tunga hefir merkilega rjett fyrir sjer, þegar hún talar um svefninn eins og eitthvað er renni mannum í brjóst, eða renni á hann. Og vitanlega væri ennþá rjettara að tala um inngeislan. — Lesendur mínir verða að minnast þess, að þetta er sagt eftir meir en tíu þúsund tilraunir til að athuga hvað verður, þegar sofnað er. Nokkur ár liðu frá því að jeg fór að athuga eðli svefnisins og þangað til jeg tók draumlífið fyrir sem sjerstakt rannsóknarefni. Tókst mjer loks að skilja, að draumlífið byggist á því, að líkamlegt og tilsvarendi andlegt ástand þess, sem jeg nefni draumgjafa, framleiðist í hinum sofandi og kemur fram sem draumur. Er hjer um fundinn sannleik að ræða,

uppgötvun (discovery), en ekki að eins tilgátu. Kemur þar fagurlega fram að lífgeislan á sjer stað, og að visu hnattanna á milli. Því að nákvæm íhugun draumanna, sýnir oft alveg ótvíræðilega, að draumgjafinn á heima á annari jarðstjörnu. Það sem einhvern dreymir á þessari jörð, er í raun rjettri það sem einhver íbúi annarar jarðar, lifir og sjer — meira eða minna aflagað. Og vitanlega er lífgeislinn mjög miklu hraðari en ljósgeislinn. — Fer því fjarni mjög að jeg sje hjer að fara með einhvern barnaskap eða fjarstaður, þó að próf. Ágúst ímyndi sjer það. Er það satt að segja margu en lítið ógætilegt, að segja að jeg fari með fjarstaður um efni sem jeg hefi rannsakað árum og áratugum saman. Er jeg í ólíklegasta lagi til slíks. Hafði jeg fyrst sýnt áhuga minn á að læra, með því að taka betra próf í jarðfræði, dýrafræði, grasufræði, steinafræði og landfræði, en áður hafði verið tekið af því tagi. Og sem byrjandi rannsóknara tókst mjer, eins og sjá má í ritgerð minni í 14. bindi af Meddelelser om Grönland, að bæta nokkuð um rannsóknir, sem gert hafði þrem árum áður í sama stað, jarðfræðingurinn og heimsfræðingurinn T. C. Chamberlin einn af fremstu náttúrufraeðingum vorra daga. Er hann dæinn fyrir skömmu, og geta menn lesið hversu ágætur maður hann

var, í hefti því af Journal of Geology, sem helgað er minningu hans, og nú liggur frammi á Landsbókasafninu. Á Íslandi tókst mjer að gera með ólíkindum óvæntar nýjar athuganir; jeg fann að menn höfðu alls ekki þekt og algerl. missskilið sumar af fróðlegustu bergtegundum landsins, og að hb. 9/10 af hinu stórfróðlega ísaldatímabili, höfðu algerlega dulist mönnum. En einn af skörungum ísaldarfræðinnar, próf. K. Keilhack, hefir lýst því yfir í tímariti jarðfræðifjelagsins þýska 1925, að hann telji óbyggjandi (einwandfrei) sannanir mínar fyrir því, að bergtegund, sem menn höfðu missskilið mjög, sje umbreytt jökulurð. Nú hefi jeg ekki getað stundað jarðfræði eins og jeg hefði viljað, vegna þess, að jeg hafði ekki efni á að ferðast. En þar sem svefninn er og draumlífið, þar hafði jeg rannsóknarefnið í sjálfum mjer. Má því nærri geta, að jeg hefi stundað þær rannsóknir margfallega miklu meir. Og er þá þýsna ólíklegt að mjer hafi þar tekist svo að árangurinn sje barnaskapur og fjarstaður, enda fer því svo fjarri, að með þessum rannsóknum mínum er nýtt tímabil hafið í vísindum. — Ljósi er brugðið yfir fjölda af fyrirburðum sem einmitt flestir vísindamenn leggja engan trúnað á, af því að þeir þekkja ekki sambandið eða samræmið við það, sem áður var á unnið í vís-

indum. Undirstaða er lögð undir alheimslíffræði (Cosmic Biology), og í fyrsta skifti sýnt fram á tilgang lífsins, og á hvern hátt það heldur áfram.

Það er ekki langt þangað til það mun fara að sýna sig, að það sem hér er sagt, er sannleikur, og eins, að það mun reynast gæfusamlegra fyrir íslenska vísindamenn, og verða talið þeim meir til drengskapar, að vera með mjer en móti.

8. nóv.

Helgi Pjeturss

1166. 10. 11. '29.